

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 11 janúar kl. 9.08, var haldinn 175. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð. Kerhólar. Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Hildur Sverrisdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Siguðrsson, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Magnús Ingi Erlingsson og Marta Grettisdóttir

Fundarritari er Björgvin Rafn Sigurðarson.

Petta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. **Umhverfis- og skipulagsráð,** Mál nr. SN130008
fundadagatal

Lagt fram fundadagatal umhverfis- og skipulagsráðs fyrir árið 2017, dags. 9. janúar 2017.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

2. **Sorpa bs., fundargerð** Mál nr. US130002

Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 369 frá 16. desember 2016.

Kl. 9:14 tekur Gísli Garðarsson sæti á fundinum.

3. **Öskjuhlíð, trjáfelling vegna flugöryggis, kynning** Mál nr. US130258

Kynning á fyrirhuguðum trjáfellingum í Öskjuhlíð vegna flugöryggis.
Kynnt.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Örplast í fráveituvatni, kynning** Mál nr. US160296

Lagt fram til kynningar minnisblað Environice, dags. nóvember 2016, um örplast í fráveituvatni.

Fulltrúi Environice Stefán Gíslason kynnir

Eygerður Margrétardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Brautarholt 7, frágangur umhverfis** Mál nr. US170003
lóðar (USK2017010014)

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 5. janúar 2017, varðandi frágang á götum, gangstéttum og grænum svæðum í næsta nágrenni við Brautarholt 7. Einnig er lögð fram samantekt um bílastæði í Holtum, dags. janúar 2015, og fundargerð, dags. 9. desember 2015.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákvörðun um gjaldskyldu verði vísað til bílastæðasjóðs.

Stefán Finnsson yfirverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(A) Skipulagsmál

6. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð** Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 22. desember 2016 og 6. janúar 2017.

7. **Ellidaárvogur/Ártúnshöfði, rammaskipulag** Mál nr. SN160772

Lögð fram tillaga ráðgjafateymis Arkís, Landslags og Verkís fyrir Rammaskipulag Elliðaársvogs-Ártúnshöfða dags. 1. janúar 2017. Í tillögunni er sett fram áfangaskipt áætlun um uppbyggingu og þróun svæðisins í samræmi við stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og vinningstillögu um skipulag svæðisins.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir fyrir sitt leiti tillögu að rammaskipulagi fyrir Elliðaárvogur/Ártúnshöfði og felur embætti skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að gerð deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við hagsmunaaðila.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri, Björn Guðbrandsson frá Arkís, Þráinn Hauksson frá Landslagi og Anna Guðrún Stefánsdóttir frá Verkís taka sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Fiskislóð 27, breyting á deiliskipulagi** (01.089.2) Mál nr. SN160913
520315-0120 S.K.Ó. ehf., Lindarbraut 9, 170 Seltjarnarnes
510213-0680 KJ hönnunarstudio slf., Bæjarlind 14-16, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar, mótt. 2. desember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfirisey) vegna lóðarinnar nr. 27 við Fiskislóð. Í breytingunni felst hækkun á nýtingarhlutfalli lóðar úr 0,6 í 1,0, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf., dags. 30. nóvember 2016. Einnig er lögð fram útskrift úr fundargerð Faxaflóahafnar sf., frá 29. júní 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. desember 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Guðrúnartún 1, breyting á deiliskipulagi** (01.216.2) Mál nr. SN160826
561000-2550 Húsfélagið Sætúni 1, Sætúni 1, 105 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 3. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vestur vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst fjölgun bílastæða, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf., dags. 26. október 2016. Einnig er lagt fram bréf forseta ASÍ og formanns Eflingar f.h. húsfélagsins Sætúni 1, dags. 2. nóvember 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Sogavegur 73-75 og 77, breyting á deiliskipulagi** (01.811) Mál nr. SN150500

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
280259-3229 Oddur Kristján Finnbjarnarson, Nökkvavogur 19, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 14. október 2016, þar stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsbreytingarinnar fyrr en umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um deiliskipulagið liggur fyrir. Skipulagsstofnun bendir á að leiðrétta þarf fjölda bílastæða í skilmálakafli um Sogaveg 77. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir að fá sent til vörslu gildandi deiliskipulagi svæðisins ásamt síðari breytingu á því samþykkttri 12. janúar 1999. Einnig er lögð fram hljóðvístarskýrsla Verkís ehf., dags. 21. desember 2016 með viðauka, deiliskipulagsuppdráttur, dags. 24. febrúar 2016, uppfærður dags. 20. desember 2016 og umsögn heilbrigðiseftirlits, dags. 22. desember 2016.

Lagt fram.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Fossvogsdalur, stígar, breyting á** Mál nr. SN160952
deiliskipulagi

Lögð fram tillaga Landmótunar sf., dags. 12. desember 2016, að breytingu á deiliskipulagi Fossvogsdals fyrir hjóla- og göngustíga. Í breytingunni felst að skipulagsmörkum gildandi deiliskipulags er breytt í samræmi við mörk nýs deiliskipulags Fossvogsvegjar, Vigdísarlunds þannig að skipulagssvæðið minnkar.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Gamla höfnin - Vesturbugt, breyting á** (01.0) Mál nr. SN160725
deiliskipulagi

160769-3949 Finnur Björn Harðarson, Fagraberg 44, 221 Hafnarfjörður
561204-2760 Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Landmótunar sf., mótt. 22. september 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Gömlu hafnarinnar - Vesturbugar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri göngubryggju austan við lóð Grandagarðs 8 sem tengir núverandi bryggju við gönguleið / bryggju við Rastagötu, samkvæmt uppd. Landmótunar sf., dags. 4. október 2016. Tillagan var auglýst frá 31. október 2016 til og með 12. desember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Stefán Geir Þórisson hjá Forum lögmönnum f.h. Brimgarðs ehf., dags. 12. desember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. janúar 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 2. janúar 2017.

Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að** (01.7) Mál nr. SN160832
Bústaðavegi, deiliskipulag

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 21. október 2016, vegna fyrirhugaðar vinnu við gerð deiliskipulags fyrir Kringlumýrarbraut frá Miklubraut að Bústaðavegi sem felst í að koma fyrir göngu- og hjólastíg meðfram Kringlumýrarbraut að vestanverðu og bæta hljóðvist fyrir íbúðabyggð vestan Kringlumýrarbrautar með hljóðvegg. Einnig

verður gert ráð fyrir forgangsakrein fyrir Strætó í báðar áttir. Kynning stóð til og með 19. desember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir/ábendingar: Karl Thoroddsen f.h. stjórnar Íbúsasamtaka 3 hverfis, dags. 18. desember 2016, Guðfinna Hákonardóttir f.h. 49 íbúa við Stigahlíð, undirskriftalisti, dags. 18. desember 2016, Andri Sigbórsson f.h. Suðurver ehf., dags. 19. desember 2016 og Bakarameisterinn Suðurveri, dags. 19. desember 2016. Einnig er lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 7. desember 2016, tölvupóstur Vegagerðarinnar, dags. 12. desember 2016, umsögn Hverfisráðs Hlíða, dags. 18. desember 2016 og umsögn Landssamtaka hjólreiðamanna, dags. 19. desember 2016.

Athugasemdir og ábendingar kynntar.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Kl. 12:50 vikur Sverrir Bollason af fundi Sigurborg Ó. Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi tekur sæti sem aðalmaður í hans stað, en þá var einnig búið að kynna mál nr. 18. í fundargerðinni.

14. **Nýlendugata 19C, breyting á** (01.131.2) Mál nr. SN160786
deiliskipulagi
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
170279-5149 Þórður Bragi Jónsson, Vogsholt 11, 675 Raufarhöfn

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Þórðar Braga Jónssonar, mótt. 19. október 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýlensureits vegna lóðarinnar nr. 19C við Nýlendugötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til norðurs og setja svalir ofan á útbyggingu á vesturhlíð hússins, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf., dags. 26. janúar 2016 síðast lagfærður 5. janúar 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. nóvember til og með 19. desember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Ásta Ingibjörg Pétursdóttir og Helgi Hjálmtýsson, dags. 19. desember 2016. Einnig er lagt fram bréf umsækjanda vegna athugasemda, dags. 28. desember 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2017

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6 janúar 2017.

Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Heklureitur, skipulagssamkeppni** Mál nr. SN170017

Lagt fram minnisblað skipulagsfulltrúa, dags. í janúar 2017, varðandi skipulagssamkeppni á Heklureit.

Minnisblað skipulagsfulltrúa dags. í janúar 2017 samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

(B) Byggingarmál

16. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,** Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa nr. 905 frá 20. desember 2016 og nr. 906 frá 10. janúar 2017.

17. **Síðumúli 17, Spónsogsbúnaður á baklóð** (01.293.205) Mál nr. BN051201
610305-0400 Bitter ehf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2016 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður uppsettri spónasugu og safngámi á norðanverðri lóð nr. 17 við Síðumúla. Erindi var grenndarkynnt frá 15. september til og með 13. október 2016. Eftirtaldir aðilar

sendu athugasemdir: Ólafur Þór Gylfason framkvæmdastjóri f.h. Markaðs- og miðlarannsóknna ehf., dags. 16. september 2016, Ólafur Stefán Sveinsson f.h. Nafir ehf. og Hávík ehf., dags. 29. september 2016 og Halldóra Hreggviðsdóttir f.h. Púpu ehf. og Þorgeir Björnsson f.h. Fjörtíu og sex ehf., dags. 29. september 2016. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ásamt hljóðvistarmælingu, dags. 9. desember 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. janúar 2017.

Ljósmyndir af spónasugu fylgja. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. júní 2016 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júní 2016. Bréf frá húsfélagsfundi ódagsett bréf .

Gjald kr. 10.100 + 10.100

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. janúar 2017 samþykkt.

Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Fyrirspurnir

18. **Thorvaldsensstræti 6, (fsp) niðurrif og endurbygging** Mál nr. SN160730
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík

Kynnt fyrirspurn Lindarvatns ehf., mótt. 26. september 2016, um að rífa niður húsið á lóð nr. 6 við Thorvaldsensstræti og endurbyggja samkvæmt drögum að aðaluppdráttum THG arkitekta, dags. 7. desember 2016. Einnig er lagt fram bréf Davíðs Þorlákssonar framkvæmdastjóra f.h. Lindarvatns ehf., dags. 23. september 2016, minnisblað verkfræðistofunnar Ferill, dags. 21. september 2016 og minnisblað verkfræðistofunnar Eflu, dags. 23. september 2016. Jafnframt er lögð fram "Jarðskjálftagreining T6" frá Ferli verkfræðistofu, dags. nóvember 2016 og minnisblað verkfræðiráðgjafar Conís, dags. 30. nóvember 2016.

Freyr Frostason arkitekt kynnir

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. **Blesugróf 30, 32 og 34, (fsp) breyting á hæðarkvóta og fjölgun íbúða** (01.885.3) Mál nr. SN160906
650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
081241-4499 Gestur Ólafsson, Garðastræti 15, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Gests Ólafssonar, mótt. 30. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 30, 32 og 34 við Blesugróf sem felst í breytingu á hæðarkvóta á lóðunum Blesugróf 30 og 32 og fjölgun íbúða úr tveimur í þrjár í húsunum á lóðunum nr. 30, 32 og 34. Einnig eru lagðar fram teikningar 1 og 2 , ódags. og bréf Gests Ólafssonar arkitekts og skipulagsfræðings, dags. 29. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2017.

Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2017.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

20. **Lindargata 44, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.152.5) Mál nr. SN160875
170753-3139 Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær

Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar, mótt. 17. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 44 við Lindargötu sem felst í niðurrífi hússins og uppbyggingu, samkvæmt tillögu Arkþings ehf., ódags. ný göng bárust, mótt. 30. desember 2016.

Umhverfis og skipulagsráð tekur jákvætt í að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við fyrirspurnina, á eigin kostnað.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

21. **Reitur 1.540, Melar, bréf íbúa vegna** (01.54) Mál nr. SN160639
deiliskipulagsskilmála
040673-4829 Rósa Björk Gunnarsdóttir, Víðimelur 31, 107 Reykjavík

Lagt fram bréf íbúa við Víðimel 31, 52 og 54, dags. 27. febrúar 2016, vegna óánægju með skilmála deiliskipulags Mela frá 2010 varðandi þakgerð. Einnig er lagt fram bréf íbúa við Víðimel 31, 40, 41, 44, 46, 47, 48, 52, og 54, dags. 4. nóvember 2016. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2017.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. janúar 2017 samþykkt.

Hjálmar Sveinsson og Gísli Garðarsson víkja af fundi undir þessum lið.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

22. **Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2017,** Mál nr. US170008
úthlutun styrkja 2017

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að auglýsingu um umsóknir um styrki úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur 2017.

Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr húsverndarsjóði 2017.

Vísað til borgarráðs.

23. **Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit yfir** Mál nr. US130118
innkaup

Lögð fram yfirlit yfir innkaup umhverfis- og skipulagssviðs á verkum yfir milljón í október 2016.

24. **Umhverfis- og skipulagssvið,** Mál nr. US130045
innkaupaskýrsla (USK2015020003)

Lagt fram yfirlit yfir viðskipti umhverfis- og skipulagssviðs við innkaupadeild í desember 2016.

25. **Umhverfis- og skipulagssvið, tíu** Mál nr. US170004
mánaða uppgjör

Lagt fram tíu mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs frá janúar til október 2016.

26. **Betri Reykjavík, vönduð, sýnileg** Mál nr. US130209
upplýsingaskilti við innkomu í Grafarvog
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram efsta hugmynd júlímánaðar úr flokknum ýmislegt "Vönduð, sýnileg upplýsingaskilti við innkomu í Grafarvog" sem tekið var af samráðsvefnum

Betri Reykjavík þann 31. júlí 2013 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016. *Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016 samþykkt.*

Björn Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

27. **Betri Reykjavík, "Velkominn" skilti** Mál nr. US150126
þegar keyrt er inn í úthverfin
(USK2015040062)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lögð fram fjórða efsta hugmynd aprílmánaðar úr flokknum umhverfismál "Velkominn" skilti þegar keyrt er inn í úthverfin" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. apríl 2015 ásamt samantekt af umræðum og rökum. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016 samþykkt.

Björn Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

28. **Betri Reykjavík, fjölga grænum svæðum** Mál nr. US150272
og grafa bílastæðin í jörð
(USK2015120011)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „fjölga grænum svæðum og grafa bílastæðin í jörð" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. nóvember 2015. Erindið var efsta hugmynd nóvembermánaðar 2015 í málaflokknum skipulag. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016 samþykkt.

Björn Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

29. **Betri Reykjavík, hætta við Suðvestur-** Mál nr. US150245
háspennulínur frá Hellisheiði
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „hætta við Suðvestur-háspennulínur frá Hellisheiði" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. október 2015. Erindið var efsta hugmynd októbermánaðar á samráðsvefnum og kemur úr málaflokknum skipulag. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 22. desember 2016 samþykkt.

Björn Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

30. **Betri Reykjavík, sparkvöll við** Mál nr. US170001
Húsaskóla í Húsahverfi Grafarvogs
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "sparkvöll við Húsaskóla í Húsahverfi Grafarvogs" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var upprunalega sent Íþrótt og tómstundaráði sem vísaði því til baka til verkefnisstjóra. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar í málaflokknum íþróttir.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, framkvæmdir og viðhald.

31. **Betri Reykjavík, tröppur upp** Mál nr. US170002

Vatnshólinn við Háteigsveg
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið "tröppur upp Vatnshólinn við Háteigsveg" sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 29. febrúar 2016. Erindið var upprunalega sent Íþróttta og tómstundaráði sem vísaði því til baka til verkefnisstjóra. Erindið var efsta hugmynd febrúarmánaðar í málaflokknum frístundir og útivist.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúi.

32. **Vesturgata 40, kæra 150/2016** (01.131.2) Mál nr. SN160869
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. nóvember 2016, ásamt kæru, dags. 11. nóvember 2016, þar sem kærð er synjun á umsókn um samþykki fyrir breytingum á fasteign á lóð nr. 40 við Vesturgötu. *Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.*

33. **Bankastræti 14 (Skólavörðustígur 2),** (01.171.2) Mál nr. SN160964
kæra 168/2016
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og úrskurðarnefndar, dags. 19. desember 2016, ásamt kæru, dags. 16. desember 2016, þar sem kærð er ákvörðun um að hafna beiðni að skrá bakhús við Skólavörðustíg 2 (Bankastræti 14) í einstaklingsíbúð.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

34. **Sólheimar 42, kæra 169/2016** (01.435.2) Mál nr. SN160965
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og úrskurðarnefndar, dags. 19. desember 2016, ásamt kæru, dags. 16. desember 2016, þar sem kærð er ákvörðun um að samþykkja breytta hagnýtingu séreignar á lóð nr. 42 við Sólheima.

Vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra.

35. **Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39,** (01.295.4) Mál nr. SN170001
kæra 174/2016, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. desember 2016, ásamt kæru, dags. 28. desember 2016, þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 16A við Grensásveg og nr. 27-39 við Síðumúla. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 5. janúar 2017.

36. **Holtsgata 1-3, Bræðraborgarstígur 30,** (01.134.6) Mál nr. SN160813
kæra 140/2016, umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála ásamt kæru, dags. 31. október 2016 þar sem kærð er synjun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar um leyfi fyrir léttu útdraganlega svalalokun að Bræðraborgarstíg 30. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 19. desember 2016.

37. **Bæjarflöt 9-11 og Gylfaflöt 15-17,** (02.576) Mál nr. SN160644
breyting á deiliskipulagi
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. desember 2016, vegna samþykktar borgarráðs frá 8. desember 2016, á breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar vegna lóðanna nr. 9-11 við Bæjarflöt og 15-17 við Gylfaflöt.

38. **Framnesvegur 40, 42 og 42a, breyting á** (01.133.4) Mál nr. SN160539
deiliskipulagi

170753-3139 Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
451015-2300 Framnesvegur ehf., Krókamýri 56, 210 Garðabær

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 9. desember 2016, vegna samþykktar borgarráðs frá 8. desember 2016, á breytingu á deiliskipulagi Sólvallagötareits vegna lóðanna nr. 40, 42 og 44 við Framnesveg.

39. **Grensásvegur 16A og Síðumúli 37-39,** (01.295.4) Mál nr. SN150628
deiliskipulag

501193-2409 ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
580815-1110 íborg ehf., Síðumúla 27, 108 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. desember 2016 um samþykki borgarstjórnar s.d. á svarbréfi skipulagsfulltrúa til Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Grensásveg 16A og Síðumúla 37-39.

40. **Hátún 6A, stækkun lóðar** (01.235.3) Mál nr. SN160852
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
690988-1519 Háland ehf, Hátúni 6a, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. desember 2016, vegna samþykktar borgarstjórnar s.d. á forsögn fyrir breytingu á deiliskipulagi Túna, reitur 1.221.3-4.

41. **Hverfisgata 85-91 og 93, Barónsreitur,** Mál nr. SN160843
breyting á deiliskipulagi

710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. desember 2016, um samþykki borgarstjórnar s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Barónsreits vegna lóðanna Hverfisgata 85-91 og 93.

42. **Langholtsvegur 113, breyting á** (01.414.0) Mál nr. SN160741
deiliskipulagi

540116-0320 Langholtsvegur 113 ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 21. desember 2016, um samþykki borgarráðs 15. desember 2016 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Langholtsvegar/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg.

43. **Laugavegur 55, breyting á deiliskipulagi** (01.173.0) Mál nr. SN160871

681215-1230 L55 ehf., Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík
250864-4859 Gunnar Bergmann Stefánsson, Logafold 66, 112 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 21. desember 2016, um samþykki borgarráðs 15. desember 2016 vegna synjunar um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar að Laugavegi 55.

44. **Lækjargata 10 og 12, Vonarstræti 4-4b** (01.141.2) Mál nr. SN160497
og Skólalabú 2, breyting á deiliskipulagi

560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164, 105 Reykjavík

630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 38, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. desember 2016, um samþykki borgarstjórnar s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólabrú 2.

45. **Spítalastígur 8, breyting á deiliskipulagi** (01.184.1) Mál nr. SN160807
200869-5919 Guðrún María Finnbogadóttir, Spítalastígur 8, 101 Reykjavík
470673-0369 Arko sf., Langholtsvegi 109, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. desember 2016, um samþykki borgarstjórnar s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.1, Spítalastígur 8.

46. **Starhagi, breyting á deiliskipulagi** (01.555) Mál nr. SN130597
530214-0870 Teiknistofan Storð ehf., Laugavegi 168, 105 Reykjavík
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. desember 2016, um samþykki borgarstjórnar s.d. á svarbréfi skipulagsfulltrúa til Skipulagsstofnunar varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Starhaga.

47. **Stekkjarbakki Þ73, nýtt deiliskipulag** (04.6) Mál nr. SN160907

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 22. desember 2016, um samþykki borgarstjórnar s.d. varðandi lýsingu á deiliskipulagi norðan Stekkjarbakka.

48. **Veltusund 3B, breyting á deiliskipulagi** (01.140.2) Mál nr. SN160829
460505-0540 Balance ehf, Viðarási 26, 110 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 21. desember 2016, um samþykki borgaráðs 15. desember 2016 um auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund.

49. **Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.152.4) Mál nr. SN160335
600269-0979 Ottó ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. desember 2016 um samþykki borgarstjórnar s.d. varðandi synjun vegna breytinga á deiliskipulagi Skuggahverfis, lóðanna að Klapparstíg 19 og Veghúsastíg 1.

Fundi slitið kl. 14.25

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Hildur Sverrisdóttir

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir
Halldór Halldórsson
Guðfinna J. Guðmundsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 20. desember kl. 10.17 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 905. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14.

Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Skúli Þorkelsson, Björgvin Rafn Sigurðarson, Nikulás Úlfar Músson, Björn Kristleifsson, Eva Geirsdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack.

Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. **Arnarholt 221217** (32.161.101) 221217 Mál nr.
BN050431
540169-3229 Fylkir ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta gistiheimili í flokki II, teg. B fyrir 75 gesti í mhl. 10 í Arnarholti á Kjalarnesi.
Gjald kr. 9.823
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
2. **Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr.
BN052115
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688 þannig að efsta hæð húsanna T1, T2 og T3 hækkar um 50cm á reit 1 lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stækkun: 385,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
3. **Bergstaðastræti 33** (01.184.409) 102069 Mál nr.
BN052129
281250-4939 Eiríkur Brynjólfsson, Bergstaðastræti 33a, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta í fyrra horf, koma fyrir tveim íbúðum, einni á hæð, fá samþykktan þegar byggðan skúr á einni hæð með tveim geymslum og þvottahúsi við suð-austur gafl, byggja utan á liggjandi stiga, breyta glugga- og hurðasetningu og breyta innréttingum í íbúðum í húsi á lóð nr. 33A við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
4. **Bergþórugata 19** (01.190.218) 102421 Mál nr.
BN052113
431116-0730 Heimasetur ehf., Bergþórugötu 19, 101 Reykjavík
130373-4299 Gréta Sandra Davidsson, Bergþórugata 19, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 2. hæð og sameina tvær íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Bergþórugötu.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

5. **Bitruháls 2** (04.308.001) 111027 Mál nr.
BN052092
700404-3660 Esja Gæðafæði ehf., Bitruhálsi 2, 110 Reykjavík
680169-5009 Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1, 550 Sauðárkrókur
Sótt er um leyfi til að staðsetja tank á steyptri undirstöðu við suðurhlið verksmiðjuhúss á lóð nr. 2 við Bitruháls.
Stærð: 2 ferm., 13,3 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
6. **Bíldshöfði 20** (04.065.101) 110673 Mál nr.
BN052073
581113-1020 Höfðaeignir ehf., Skarfagörðum 2, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta verslunarrými þannig að reykskermun fyrir verslun er færð til um 3 metra, innkaupakerrur verða staðsettar við rúllustiga og gerð er ný flóttaleið við hlið stigahúss sunnan megin á húsi á lóð nr. 20 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
7. **Bjarkargata 12** (01.143.111) 100959 Mál nr.
BN052126
670812-0810 Centrum fjárfestingar slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, m.a. innrétta íbúðarrými í kjallara og breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar vegna eldvarna í einbýlishúsi á lóð nr. 12 við Bjarkargötu.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
8. **Efstaland 26** (01.850.101) 108756 Mál nr.
BN052046
510907-0940 Reitir I ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í flokki V, teg. hótél fyrir 40 gesti í 21 herbergi og veitingastað í flokki II á 3. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Efstaland.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
9. **Engjateigur 17-19** (01.367.303) 104714 Mál nr.
BN052075
470990-1049 Nortran ehf., Mýrarási 15, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koms fyrir hurð og glugga á milli glerskála og íbúðar 0202 í húsinu nr. 17 á lóð nr. 17 til 19 við Engjateig.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Esjumelur 9** (34.535.403) 179249 Mál nr.
BN051756
690506-0840 Spennt ehf., Gvendargeisla 96, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar óeinangrað stálgrindarhús á lóð nr. 9 við Esjumela.

Erindi fylgir brunahönnun dags. 26. september 2016.

Stærð: 4.042,1 ferm., 38.614,7 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

11. **Fálkagata 32** (01.553.017) 106531 Mál nr.
BN052103

410415-1190 Heimavellir III ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að bílskúr hefur verið breytt í íbúð við hús á lóð nr. 32 við Fálkagötu.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

12. **Fiskakvísl 10-16** (04.236.102) 110931 Mál nr.
BN048717

051057-2449 Jón Örn Jakobsson, Fiskakvísl 12, 110 Reykjavík

110963-2039 Erna Eiríksdóttir, Fiskakvísl 12, 110 Reykjavík

Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum kjöllum í raðhúsi á lóð nr. 10-16 við Fiskakvísl.

Stækkun: Hús nr. 10, 104,4 ferm., nr. 12, 101,7 ferm., nr. 14, 101,7 ferm., nr. 16, 104,4 ferm.

Stækkun samtals: 412,2 ferm., 1.028,1 rúmm.

Gjald kr. 9.823

Frestað.

Lagfæra skráningu.

13. **Fiskislóð 49-51** (01.087.602) 100012 Mál nr.
BN052100

450916-0990 Kaðall ehf., Hellulandi 12, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta geymslu og verkstæði á fyrstu og annarri hæð í líkamsræktarstöð í húsi nr. 51 á lóð nr. 49 - 51 við Fiskislóð.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. **Flugvallarvegur 3-3A** (01.751.201) 107467 Mál nr.
BN052076

561014-0510 HV 10 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

421007-2090 Keiluhöllin ehf., Pósthólf 8500, 128 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar þannig að keilusalur er fjarlægður og rýminu skipt upp í nokkra æfingasali, koma fyrir búningasklefum fyrir gesti og starfsfólk og innrétta verslun og hársgreiðslustofu í afgreiðslu á lóð nr. 3-3A við Flugvallarveg.

Greinagerð brunahönnuðar dags. 6. desember 2016 fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

15. **Framnesvegur 11** (01.134.107) 100317 Mál nr.
BN051996

280477-4359 Kjartan Páll Sveinsson, Framnesvegur 11a, 101 Reykjavík

090974-2119 Phoebe Anna Jenkins, Framnesvegur 11a, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg á milli eldhúss og stofu á fyrstu hæð, síkka glugga á bakhlið og koma fyrir hurð með þrepum út í garð á húsinu á lóð nr. 11A við Framnesveg.

Fyrirspurn BN051900 fylgir erindinu.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. **Friggjarbrunnur 18** (05.053.502) 205910 Mál nr.
BN052124

450997-2779 Bygg Ben ehf., Vesturlbr Fífilbrekku, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka þaksvallir íbúðar á efstu hæð, sjá erindi BN048703, fjölbýlishúss á lóð nr. 18 við Friggjarbrunn.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Lagfæra skráningu.

17. **Garðsendi 9** (01.824.406) 108425 Mál nr.
BN051960

270183-5229 Bjarni Þröstur Magnússon, Garðsendi 9, 108 Reykjavík

100487-2849 Sunneva Lind Ólafsdóttir, Garðsendi 9, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 1. hæð með tröppur niður í garð við fjöleignarhús á lóð nr. 9 við Garðsenda.

Samþykki meðeigenda ódags. fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits á umsóknarblaði.

18. **Geirsgata 5-5C** (01.117.306) 100086 Mál nr.
BN052119

520796-2159 Special Tours ehf., Pósthólf 92, 222 Hafnarfjörður

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að opna tímabundið milli matshluta, sameina verslanir og innréttu kaffihús í flokki ? tegund ? í húsi á lóð nr. 5b og 5C við Geirsgötu.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

19. **Gnoðarvogur 44-46** (01.444.101) 105528 Mál nr.
BN051965

551215-1210 ADHG ehf., Baldursgötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingarstað í flokki I í mhl. 02 í rými 0101 sem á að vera með sæti fyrir 15 gesti og einnig vera með afgreiðslu úr bílalúgu á húsinu á lóð nr. 46 við Gnoðarvog.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

20. **Grandagarður 8** (01.115.101) 100046 Mál nr.
BN052125

450105-4810 Víkin - Sjóminjasafn í Re ses., Grandagarði 8, 101 Reykjavík

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Sótt er um samþykki á áður gerðum breytingum á húsi á lóð nr. 8 Grandagarði.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

21. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr.
BN051880
480514-0680 Leiguafll slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að skilgreina sérnotafleti við hús á lóð nr. 12 við Grensásveg.
Erindi fylgir bréf með skýringum arkitekts dags. 3. nóvember 2016 og samþykki
meðeigenda fyrir breytingu á bakhúsi dags. 23. maí 2016.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
22. **Grettisgata 20A** (01.182.114) 101830 Mál nr.
BN051103
621111-0190 Móóm ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta og stækka kvisti á götuhlið, jafnframt er gerð grein
fyrir nýrri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 20A við Grettisgötu.
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa um svipaða fyrirspurn dags. 20. ágúst
2015, þinglýstur eignaskiptasamningur dags. 1. ágúst 2000, samþykki
meðeigenda dags. 17. ágúst 2016 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24.
maí 2015.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. júlí fylgir
erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2016.
Stækkun: 2,31 ferm., 11,9 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
23. **Grettisgata 20B** (01.182.115) 101831 Mál nr.
BN051104
621111-0190 Móóm ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta og sameina kvisti á götuhlið, jafnframt er gerð
grein fyrir nýrri íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 20A við Grettisgötu.
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa um svipaða fyrirspurn dags. 20. ágúst
2015, þinglýstur eignaskiptasamningur dags. 1. ágúst 2000 og umsögn
Minjastofnunar Íslands dags. 24. maí 2015.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. júlí 2016
fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. júlí 2016.
Stækkun: 1,05 ferm., 6,1 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
24. **Hafnarstræti 17** (01.118.502) 100098 Mál nr.
BN052128
700104-2650 Suðurhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík
Sótt er um breytingar á áður samþykktu erindi BN048060 þar sem kvistum á 3.
hæð í timburhúsi og hurðum í aðalinngangi er breytt, auk innanhússbreytinga
sem felast í að eitt herbergi fyrir hreyfihamlaða er fært úr timburhúsi yfir í nr.
19, innréttingum á veitingastað breytt og lokað milli verslunar og hótels í húsi á
lóð nr. 17 við Hafnarstræti.
Stækkun A-rými 0 ferm., x rúmm.
Umsögn Minjastofnunar dags. 15.12.2016 fylgir erindi.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
25. **Hafnarstræti 19** (01.118.503) 100099 Mál nr.
BN052127
700104-2650 Suðurhús ehf., Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík

Sótt er um breytingar á áður samþykktu erindi BN048059 sem felast í lokun á milli verslunar og hótels, færslu á vegg í tæknirými og breytingu á eldhúsi í kjallara, breytingu á herbergjum í austurenda og gerð hringstiga úr herbergi á 3.h. upp á 4.hæð ásamt hurð þar út á þaksvalir í húsi á lóð nr. 19 við Hafnarstræti.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

26. **Haukdælabraut 78-92** (05.114.303) 214815 Mál nr.
BN052050

690404-3030 Pálmar ehf, Bleikjukvísl 12, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja 8 raðhús á lóð nr. 78-92 við Haukdælabraut.

Stærð A-rými 1.740,6 ferm., 6.199,1 rúmm.

Bréf arkitekts dags. 12.12.2016 fylgir erindi.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. **Háaleitisbraut 68** (01.727.301) 107329 Mál nr.
BN052074

470700-3350 Íshamrar ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna lokaúttektar á erindi BN049120 vegna innréttingar á matvælavinnslu í kjallara rýmis 0003 í húsi á lóð nr. 68 við Háaleitisbraut.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.

28. **Hádegismóar 6** (04.411.401) 213068 Mál nr.
BN051971

431276-0629 Snæland Grímsson ehf, Langholtsvegi 109, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða staðsteypt skrifstofuhús sambyggt við fólksbifreiðaverkstæði fyrir ferðapjónustu á lóð nr. 6 við Hádegismóa.

Varmatapsútreikningur dags. 16. nóvember 2016 fylgir erindi.

Stærð : A rými 2.208,3 ferm., 10.595 rúmm.

B rými: XX ferm., XX rúmm.

Samtals: 2.208,3 ferm., 10.595,4 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

29. **Hádegismóar 8** (04.411.201) 213067 Mál nr.
BN052140

701277-0239 Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík

Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir uppsteypu á undirstöðum kjallara, botnplötu, ásamt stoð- og kjallaraveggjum upp að 1. hæð á lóðinni nr. 8 við Hádegismóa, sbr. erindi BN051207 sem samþykkt var 12. júlí 2016.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.

30. Hverfisgata 100B

(01.174.105) 101583

Mál nr.

BN051821

230155-2409 Grímur Bjarnason, Hverfisgata 102, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja tvennar stálvalir með eldþolnum botni á íbúðir á 2. og 3. hæð í fjölbýlishúsi lóð nr. 100B við Hverfisgötu.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

31. Hverfisgata 76

(01.173.009) 101500

Mál nr.

BN050765

591294-2379 Húsfélagið Svalbarði ehf, Stóragerði 19, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta veitingarrekstri úr fl. II, teg. C í fl. III, teg.? á 1. hæð í húsinu á lóð nr. 76 við Hverfisgötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2016 sem og hljóðvistarskýrsla frá Trivium dags. í desember 2016.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

32. Hverfisgata 86

(01.174.002) 101558

Mál nr.

BN051889

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja svalir á 3.hæð og breyta innra skipulagi íbúða, ásamt öðrum minni breytingum til að uppfylla kröfur byggingarreglugerðar um burðarþol, brunavarnir og hljóðvist, í húsi á lóð nr. 86 við Hverfisgötu.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

33. Hverfisgata 88A

(01.174.003) 101559

Mál nr.

BN052010

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 01 og 02 á lóð nr. 88A við Hverfisgötu.

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12.12. 2016.

Stærð mhl. 01: 214 ferm., 627 rúmm.

Mhl. 02: 37 ferm., 97 rúmm.

Samtals: 251 ferm., 724 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

34. **Hverfisgata 88B** (01.174.004) 101560 Mál nr.
BN052009

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa hús á lóð nr. 88B við Hverfisgötu.

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12.12. 2016.

Stærðir: 92 ferm., 276 rúmm.

Gjald kr. 10.100]

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

35. **Hverfisgata 88C** (01.174.005) 101561 Mál nr.
BN052011

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa , hús 88C, skúr á baklóð nr. 88 við Hverfisgötu.

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12.12. 2016.

Stærð mhl. 01: 58 ferm., 179 rúmm. ferm.

Mhl. 02: 5 ferm., 10 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

36. **Hverfisgata 90** (01.174.006) 101562 Mál nr.
BN052007

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 04, bílskúr byggður 1938 og mhl. 03, geymslu byggða 1931, á baklóð húss á lóð nr. 90 við Hverfisgötu.

Niðurrið: Bílskúr 31 ferm., 93 rúmm.

Geymsla: 60,3 ferm., 178 rúmm.

Samtals: 91,3 ferm., 271 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

37. **Hverfisgata 92B** (01.174.009) 101565 Mál nr.
BN052005

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa hús á lóð nr. 92B við Hverfisgötu.

Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 12.12. 2016.

Stærðir: 99,4 ferm., 271 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

38. **Hverfisgata 92C** (01.174.010) 101566 Mál nr.
BN052006

531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa hús á lóð nr. 92C við Hverfisgötu.

[Meðfylgjandi er umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12.12. 2016.

Stærðir: 70 ferm., 140 rúmm.

Gjald kr. 10.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

